Þingskjal V

Hjeraðsþing U.M.S.K. skorar á stjórn U.M.S.K. að finna leið til smávegis fjáröflunar til eflingar starfsemi sambandsins án þess þó að það sje gert á kostnað sambands fjelaganna

Þingskjal VI

Vegna þess ástands sem nú ríkir í landinu vill Hjeraðsþing U.M.S.K. 1940 skora fastlega á öll ungmennafjelög landsins að standa nú betur en nokkru sinni fyr vörð um íslenska tungu íslenskt þjóðerni og íslenska menningu



Fundargjörð

Hjeraðsþing U.M.S.K. var haldið í Oddfellowhöllinni í Reykjavík sunnudaginn 14. des. 1941. Þetta var tekið fyrir:

1. Formaður setti þingið og bauð velkomið nýtt fjelag, sem gengið hafði í sambandið á árinu, Ungmennafjelag Kjalnesinga, fjelagatal 47, formaður Eggert Guðjónsson.
2. Þá var kosinn forseti þingsins Ólafur Þorsteinsson, til vara Ólafur Andrjesson. Ritarar til vara voru kosin Ragnheiður Þorsteinsdóttir og Gísli Andrjesson. Þá var kosin kjörbrjefanefnd:

   Stefán Jónsson
   Njáll Guðmundsson
   Eggert Guðjónsson

   Kosinn varaendurskoðandi í stað Bjarna Ólafssonar: Gísli Andrjesson
3. Þá skilaði kjörbrjefanefnd áliti og taldi hún kjörbrjef vera í lagi og

þessa fulltrúa rjett kjörna:

Frá U.M.F. Drengi:
Hans Guðnason
Njáll Guðmundsson
Gísli Andrjesson
Brynjólfur Guðmundsson
Ólafur Andrjesson

Frá U.M.F. Kjalarnesinga:
Eggert Guðjónsson

Frá U.M.F. Aftureldingu
Kristófer Eyjólfsson
Grímur Norðdahl
Ólafur Þórðarson

Frá U.M.F. ~~Afturelo~~ Velvakandi
Ranveig Þorsteinsdóttir
Stefán Jónsson
Þórsteinn Bjarnason

4. Þá skýrði formaður sambandsins frá störfum U.M.S.K. síðastliðið ár, og ~~gat~~ skýrði um leið frá farfuglafundunum,



þeir höfðu verið haldnir með sama sniði og áður í fyrravetur, en nú í haust hefir ekki verið hægt að halda þá vegna húsleysis og væri slæmt útlit fyrir að úr rættist þar. Þá stakk hann uppá, að æskilegt væri að koma á gestamóti fyrir Ungmenna-fjelaga í Reykjavík á næsta vetri.

Til máls tóku: Grímur Norðdahl, Gísli Andrjesson, Brynjólfur Guðmundsson, Hans Guðnason. Ranveig Þorsteinsdóttir lagði til að fresta ~~þr~~ umræðum um þetta ~~þar til~~ og vísa því til væntanlegrar nefndar.

5. Íþróttamál: Ól. Þórðarson hafði framsögu og skýrði frá framkvæmd íþróttamálanna á sambandssvæðinu. Þar sem nú lægi fyrir aðalfundarsamþykkt Í.S.Í, að hjeraðs-sambönd ungmennafjelaga megi senda keppendur á opinber íþróttamót, þá hefði komið til athugunar, hvort ekki væri rjett að leggja Íþróttafjelag Kjósarsýslu

niður en að U.M.S.K. taki á sig stjórn íþróttamálanna á sambandssvæðinu, og sjái um þátttöku á opinberum íþróttamótum. Til máls tóku: Rannveig og Grímur og var málinu síðan vísað til íþróttanefndar.

6. Þá fór fram kosning í nefndir

1. Íþróttanefnd:
   Grímur Norðdahl
   Njáll Guðmundsson
   Eggert Guðjónsson
2. Fjárhagsnefnd:
   Ólafur Andrjesson
   Ólafur Þorsteinsson
   Kristófer Eyjólfsson
3. Fjelagsmálanefnd:
   Rannveig Þorsteinsdóttir
   Hans Guðnason
   Ólafur Þórðarson



4. Allsherjarnefnd:
   Gísli Andrjesson
   Brynjólfur Guðmundsson
   Þorsteinn Bjarnason

Þá var kl. 12,30 og veitti forseti matarhlje og var sameiginlegt borðhald.

Að því loknu tóku nefndir til starfa, og var síðan þingið sett aftur kl. 2,45. og gengið til dagskrár, og var tekið fyrir álit og tillögur nefnda, sem störfuðu í matarhléinu.

I. Íþróttamálanefnd: Grímur S Norðdahl hafði framsögu, las hann tillögur nefndarinnar.

1. Till. þingsskjal 12.

Til máls tóku um tillöguna: Þorst. Bjarnas. Kristófer Eyjólfsson, Ól. Þorst. Ólafur Þórðars. Þorst Bjarnason lagði fram breytingartillögu. Eftir langar umræður, kom fram tillaga frá Ólafi Þorsteinssyni, og voru

Þá áður framkomnar tillögur dregnar til baka, og tillaga Ólafs. borin upp og samþykkt með samhljóða atkvæðum.

2. Tillaga á þingskjali ~~X~~ 3. [þingskjal II]
Sú tillaga var borin upp og samþykkt, umræðulaust með samhljóða atkv.

II. Tillagnanefnd: Hans Guðnason hafði framsögu og las tillögur nefndarinnar.

1. Tillaga þingskjal ~~X~~ 4.
Samþykkt umræðulaust með öllum greiddum atkv.

2. Tillaga þingskjal ~~X~~ 5. Til máls tóku Brynjólfur Guðmundsson Þorst. Bjarnason, Ólafur Þórðarson, Grímur S. Norddahl, Gísli Andrésson, Ólafur Andrésson Eggert Guðjónsson, Ólafur Þorsteinsson og flutti hann tillögu í málinu [þingskj. 6.] Þá var fyrri tillagan borin upp og samþykkt með samhljóða atkv. Þá var tillaga Ólafs Þorst. borin upp og samþykkt með samhljóða atk. Tillaga á þingskj. XI. var samþykkt með samhljóða atkv.



~~atkv.~~

3. Tillaga á þingskjali 7. Til máls tóku: Ólafur Þórðarson, Brynjólfur Guðm. Gísli Andrésson, Hans Guðnason.
Tillagan var borin upp og samþykkt með samhljóða atkv.

Kaffihlé. kl. 16.20.

Eftir fundarhlé var fundur settur að nýju, og tekin fyrir tillaga frá íþrótta og fjárhagsnefndinni á þingskjali 8.
Ólafur Þorsteinsson hafði framsögu og las tillöguna.
Tillagan samþykkt með samhljóða atkv.

III. Allsherjarnefnd: Framsögu hafði Þorst. Bjarnason, og lagði fram tillögu á þingskjali 9.
Til máls tóku: Rannveig Þorsteinsd. Grímur S. Norddahl
Þá kom fram tillaga frá Rannveigu Þorsteinsd. og Þorst. Bjarnasyni á þingskj. 10.

Tillagan samþykkt með samhljóða atkv.

7. Stjórnarkosning:
Formaður var kosinn Ólafur Þorsteinsson með 9 atkv.
Eggert Guðjónsson hlaut 1 atkv.
Ritari: Gísli Andrésson með 4 atkv.
Ólafur Þórðarson fékk 3 atkv. aðrir minna.
Féhirðir: Grímur S. Norðdahl, með 4 atkv.
Varastjórn: Formaður: Eggert Guðjónsson
Ritari: Ólafur Þórðarson
Féhirðir: Ólafur Andrésson

8. Endurskoðendur: Þorst. Bjarnason og Rannveig Þorst.

9. Kosnir fulltrúar á Sambandsþing U.M.F.Í.
Þau: Rannveig Þorsteinsd. Grímur S. Norðdahl og Eggert Guðjónsson
Til vara: Gísli Andrésson, Ólafur Þorsteinsson og Ólafur Andrésson.

10. Þinggerð lesin og samþykkt með öllum atkv.

11. Formaður sleit þinginu með nokkrum orðum.

Ó. Þorsteinsson     Gísli Andrésson



Þingskjal I.

Dagskrá U.M.S.K. 14. des. 1941.

1. Þingið sett: Ólafur Þorsteinsson
2. Kosinn forseti, ritarar og kjörbréfanefnd.
3. Kjörbréfanefnd skilar áliti.
4. Skýrsla stjórnarinnar og reikningar: Ól. Þorst, Ól. Andrésson
5. Íþróttamál: Ólafur Þórðarson.
6. Nefnda kosning; álit þeirra og tillögur.
7. Stjórnarkosning.
8. Endurskoðendur kosnir.
9. Kosnir fulltr. á þing U.M.F.Í.
10. Þinggerðin lesin.
11. Þingslit: Ólafur Þorsteinsson

Þingskjal II.

Héraðsþing U.M.S.K. 1941 skorar á Í.S.Í. að beita sér í lög Í.S.Í. þeirri ákvörðun, er samþykkt hefir verið, um að héraðssamböndum U.M.F. sé heimilt að senda íþróttamenn til þátttöku í mótum. Ennfremur að skattalögi Í.S.Í. verði samræmdur, svo sá einn félög verði ekki órétti beitt.

Ólafur Þorsteinsson og Íþróttamálanefnd.

Þingskjal III.

a. Héraðsþing U.M.S.K. 1941 telur það rétta stefnu í íþróttamálum að U.M.S.K. sjái um sameiginlega íþróttakeppni sambandsfélaganna á opinberum mótum. b. Að Í.K. verði ekki lagt niður fyrr en Í.S.Í. hefir tekið það í lög sín að héraðssamböndum ungmennafélaganna sé að taka þátt í opinberum mótum með fullum réttindum.

Íþróttanefnd.



Þingskjal IV.

Sambandsstjórn U.M.S.K. gangist fyrir samfundi félaganna að Brúarlandi, á tímabilinu: janúar – apríl, og sjái um skemmtiatriði; en félögin beri halla, ef einhver verður.

Félagsmálanefnd.

Þingskjal V.

Héraðsþingið beinir því til stjórna félaganna að þær hafi forgöngu um þátttöku í væntanlegu gestamóti, og leggi þær niðurstöður sínar fyrir sambandsstjórn sem allra fyrsta.

Félagsmálanefnd.

Þingskjal VI.

Héraðsþing U.M.S.K. felur U.M.F. Velvakandi að fá húsnæði fyrir gestamót á þessum vetri, ef unnt er.

Ólafur Þorsteinsson

## Þingskjal VII.

Héraðsþing U.M.S.K. leggur til að félögin styrki hvert annað eftir megni með framkvæmd þeirra áhugamála, sem hvert félag vinnur að, þótt þau séu að mörgu leyti staðbundin innan hvers félags.

Félagsmálanefnd.

## Þingskjal VIII.

Héraðsþing U.M.S.K. samþykkir að styrkja ungmennafélagana til íþróttaæfinga fyrir íþróttamót það, sem ákveðið er á vori komanda að Reykholti. T.d. að greiða kennslugjald fyrir þá menn, sem stunda atvinnu hér í bænum og væri því hepplegt að þeir nytu æfinga hér. Ennfremur að hvert félag innan U.M.S.K. haldi eina skemmtun til ágóða fyrir hina væntanlegu för. Í þess stað og í sama skyni haldi U.M.F. Velvakandi gestamót hér í bænum ef unnt er. Af því fé, sem þá kæmi að



vanta, til þess að greiða ferðakostnað íþróttamannanna leggur þingið til, að U.M.S.K. leggi fram helming, og beinir ennfremur til hinna fjögra félaga innan U.M.S.K. að þau leggi fram að jöfnu þá upphæð er þá á vantar. Einnig að stjórnir félaganna beiti sér fyrir því að keppendur fái frí frá störfum þeim er þeir kunna að hafa með höndum, og jafnvel að útvega menn í þeirra stað, ef þörf gerist.

Íþrótta og fjárhagsnefndir.

## Þingskjal IX.

Allsherjarnefnd gjörir það að tillögu sinni, að héraðsþing U.M.S.K taki til meðferðar samstarf við þau U.M.F. sem eru á félagssvæðinu, en ekki í sambandinu, og beinir þeirri áskorun til stjórnar U.M.S.K. að beita sér fyrir framkvæmdum þessa máls og leggja árangurinn af starfi sínu fyrir næsta þing.

Allsherjarnefnd.

## Þingskjal X.

Héraðsþing U.M.S.K. beinir því til Sambandsstjórnar U.M.F.Í. og væntanlegra fulltrúa sinna á næsta sambandsþingi, að beita sér fyrir því að félög, sem eru í U.M.F.Í. verði jafnframt að vera í Héraðssambandi, þar sem slík sambönd eru starfandi á svæðinu; enda sé Héraðssambandið í U.M.F.Í.

Ragnveig Þorst. Þorsteinn Bjarnason

## Þingskjal XI.

Héraðsþingið beinir því til sambandsfélaga U.M.S.K. að þau fjölmenni á næsta Íþróttamót U.M.F.Í. og haldi hópinn bæði á leiðinni og þar á staðnum.

Félagsmálanefnd.



## Þingskjal XII.

Héraðsþing U.M.S.K. 1941 skorar á Í.S.Í. að héraðssambönd ungmennafélaga njóti fullra réttinda innan Í.S.Í. & svo líka í íþrótta-keppni á opinberum mótum, og samböndin ein greiði skatt til Í.S.Í. en ekki hvert einstakt félag innan sambandanna. Dregin til baka.

Íþróttanefnd.

# Þinggerð.

20 þing U.M.S. Kjalarnesþings var sett að Brúarlandi, sunnudaginn 13. des. 1942 – kl 11. f.h. af formanni sambandsins Ólafi Þorsteinssyni.
Bauð hann fulltrúana velkomna til þings. Ólafur gat þess, að þetta væri merkisár, þar sem U.M.S.K. hefði orðið tuttugu ára á árinu og mundi þess verða ítarlegar minnst á samfundinum.

Þá var gengið til dagsskrár.

I. Kosin kjörbréfanefnd. Uppástunga kom fram um þau: Eggert Guðjónsson, Ólaf Ág. Ólafsson og Kristínu Jónsdóttir og var hún samþykkt samhljóma.

II. Álit kjörbréfanefndar – Ólafur Ág. Ólafsson hafði framsögu, og kvað nefndina hafa orðið sammála um öll kjörbréfin, og þeir



séttkjörnir fulltrúar frá:
U.M.F. Reykjavíkur:
Páll S. Pálsson, Kristín Jónsdóttir, Skúli Norðdahl, Stefán Magnússon
Áslaug Ásmundsdóttir.
U.M.F. Afturelding:
Ólafur Þórðarson, Jón Guðmundsson, Sveinn Guðni.
U.M.F. Kjalarnesinga:
Eggert Guðjónsson, Ólafur Bjarnason.
U.M.F. Drengur:
Oddur Þórðarson, Gestur Andrésson,
Ólafur Ág. Ólafsson, Guðlaugur Jakobsson,
Njáll Guðmundsson.

III. Kosning forseta: Kosningu hlaut Gestur Andrésson með 6 atkv. Grímur S. Norðdahl hlaut 4 atkv. og var samþykkt sem vara forseti.

IV. Kosnir ritari: Gísli Andrésson og vara-ritari Ólafur Þórðarson.

V. Skýrsla stjórnarinnar: Formaður Ólafur Þorsteinsson

skýrði frá störfum sambandsins á árinu.
Vegna þess að reikningar sambandsins lágu frammi óendurskoðaðir, stakk forseti uppá Stefáni Magnússyni og Sveini Guðmundssyni til að endurskoða þá, og var það samþykkt samhljóða.
Þá gerðu þeir fyrirspurnir um útbreiðslustarfsemi sambandsins: Páll Pálsson, Stefán Magnússon, ennfremur Ólafur Þórðarson viðvíkjandi U.M.F. Velvakandi. Ólafur Þorsteinsson og Grímur S. Norðdahl svöruðu.

VI. Gísli Andrésson skýrði frá efni bréfs frá U.M.F.Í. er fjallaði aðallega íþróttamót U.M.F.Í. að Reykholti á n.k. sumri og einnig um afstöðu félaganna til Þegn-skaparhússins. – Til máls tóku Skúli H. Norðdahl, Ól. Ág. Ólafsson, Páll Pálsson, Ólafur Þórðarson, Grímur S. Norðdahl.

VII. Nefndakosningar: Allsherjarnefnd:
Ólafur Þórðarson, Kristín Jónsdóttir, Ólafur Bjarnason, Stefán Magnússon, Oddur Þórðarson



Íþróttanefnd:
Njáll Guðmundsson, Jón Guðmundsson
Skúli H. Norðdahl.
Félagsmálanefnd:
Ólafur Ág. Ólafsson, Páll Pálsson
Sveinn Guðmundsson, Áslaug Ásmundsdóttir
Guðlaugur Jakobsson.

VIII. 1. Grímur S. Norðdahl talaði um mannréttindamál. Hann kvað ungmennafélögin vaxin upp úr lýðháskólahreyfingunni, til þess að auka þroska einstaklinganna og stefna að auknum mannréttindum. En með lagasetningu um mismunandi ~~rétt~~ stafsetningu og verndun sanna einstaklinga fyrir níðandi ummælum, umfram aðra, kvað hann stefnt á ranga braut. Til máls tóku: Stefán Magnússon, Páll Pálsson, Ól. Ág. Ólafsson Grímur S. Norðdahl. Var málinu síðan vísað til allsherjarnefndar.

2. Páll Pálsson ræddi um húsnæðis-mál – þ.e. byggingu æskulýðshallar. Benti hann á (að) (U.M.F. Vel) húsnæðisvandræðin mundu hafa leitt til þess að U.M.F. Velvakandi gat ekki haldið uppi félagsstarfi sínu og farfuglafundunum. Taldi Páll að þetta mál mundi eiga hljómgrunn hjá öllum æskulýðsfélögum Reykjavíkur. Var málinu vísað til félagsmálanefndar.

Matarhlé kl. 1 e. h.

Þingið hófst aftur kl 3,45 e. h. og hófu nefndirnar þá starfað.

XIX. Nefndaálit. 1. Allsherjarnefnd lagði fram eftirfarandi tillögur. a. tillaga um íslezka stafsetningu þingskjal II. Framsögumaður Kristín Jónsdóttir. b. Tillaga um útbreiðslustarfsemi sambandsins. Þingskjal III. Framsögumaður Stefán Magnússon. c tillaga þingskjal IV



um skemmtistarfsemi innan sambandsins. d. Tillögur á þingskjali V um ráðstafanir til þess að fyrirbyggja aðsóknarum að íþróttamótunum. Framsögumaður Ólafur Þórðarson. Þá kom fram breytingartillaga frá Ólafi Þorsteinssyni og Stefáni Magnússyni þingskjal VI. við þingskjal III

Umræður urðu um tillögurnar: til máls tóku Páll Pálsson og Njáll Guðmundsson, sem töldu lítt mögulegt að taka kristna inni málfræði kennslu barnaskólanna án þess að auka mjög íslenzku kennsluna. Stefán Magnússon, sagði að það sem fyrir sér og öðrum leikmönnum vekti væri að minnka aðstöðumun þess fólks gengur í unglingaskólum og alþýðuskólum inni í ðri skólana og þeima, sem hafa stundað þar nám frá upphafi.

Tillögunum var báðum vísað á ný til allsherjarnefndar á ný til endurskoðunar. Tillögur á þingskjölum III IV V voru samþ.

samhljóða.

Kaffihlé kl 5. e.h.

Þingið sett að nýj kl 5.30 e.h.
Þá voru aftur teknar til umræðu tillögur á þingskjölum II og VI. Stefán Magnússon, Oddur Þórðarson og Skúli Norddahl töluðu sem meirihluti nefndarinnar og fylgdu fram till. þingskj. VI ~~hinn~~ minnihlutinn Ólafur Þórðarson og Kristín Þorsteinsdóttir fylgdu þingskj. II – Ágreiningur nefndarinnar reis út af rétti útlendinga, til þess að breyta út frá lögboðinni staðsetningu.
Til máls tóku auk áðurnefndra: Geslur Andrésson, Grímur S. Norddahl, Ól. Ág. Ólafsson og Páll Pálsson. ~~Að lokum var fyrrihluti till~~ Ný breytingartillaga kom fram við síðari hluta till. þingskj. VI á þingskj. VIII og var hún samþ. samhljóða og síðan fyrrihluti þingskjals VI og þar með tillaga á þingskjali II feld.


Nú kvaddi forseti verða að hverfa af fundi, og stakk uppá Ólafi Þórðarsyni sem vara forseta og að Grímur tæki við aðal forseta störfum – var það samþykkt í einu hljóði. Þá stakk Gestur uppá, að Gísli Andrésson fengi fulltrúaréttindi í sinn stað og var það samþykkt.
IV 2.a Álit félagsmálanefndar: Ól. Ág. Ólafsson ~~talaði fyrir~~ fylgdi till. þingskj. VIII. Til máls tóku: Stefán Magnússon, Ól. Ág. Ólafsson, Páll Pálsson, Skúli Norddahl, Ólafur Þórðarson, Gísli Andrésson og Þórður Loftsson (mættur sem gestur) Kom fram tillaga frá Gísla á þingskj. IX og umfr. frá Stefáni á þingskj. X. Tillögurnar allar bornar upp og samþ. með öllum greiddum atkv.
6. Ól. Ág. Ólafsson skýrði frá störfum nefndarinnar hvað snerti fjármál sambandsins. Hann kvað ekki mikla fé að ráðstafa, en nefndin hefði þó komið sér saman um

tillögu á þingskjali XI. Engar umræður.
Tillagan borin upp og samþykkt.
Matarhlé.

X. 3. Álit íþróttanefndar – Jón Guðmundsson
talaði fyrir tillögum á þingskj. XII og XIII.
Til máls tóku: Ólafur Þórðarson, Grímur og
Gísli, tillögurnar síðan samþ. samhljóða.
Njáll Guðmundsson talaði fyrir 3. tillögu
nefndarinnar – þingskj. XIV. Engar umræður. Tillagan
samþ. með öllum greiddum atkv.

V. Ýmis mál: 1. Grímur S. Norddahl vakti á ný máls á
mannréttindamálinu. Hann las þar greinar
hegningarlaganna, sem fjalla um lögvernd
opinberra starfsmanna. Til máls tóku:
Páll, Ól. Þórðarson, Stefán, Kristinn, Ól. Ág. Ólafsson.
Grímur flutti tillögu í málinu þingskj. XV.
Kristinn flutti breytingartill. í málinu.
þingskj. XVI. var hún samþ. með 8 atkv.
gegn 4 og þar með var málinu vísað til
væntanlegrar stjórnar.



2. Stefán Magnússon vakti máls á því hve
undirbúningur þingsins hefði verið slæmur
og benti væntanlegri sambandsstjórn á, að
nauðsynlegt væri að félögin skyldu félögin til þess
að senda stjórninni mánuði fyrir þing
þau mál, og tillögur, sem þau óskuðu
að tekin yrðu til meðferðar. Kom fram
að skemmtun og íþróttum væri að því að
taka meira frá þinginu.

XI. Stjórnarkosning:
Formaður kosinn Páll S. Pálsson með 12 atkv.
Aðalstjórn: Ritari kosinn Gísli Andrésson, með 12 —.
Féhirðir kosinn Ólafur Þórðarson með 6 —.

Varastjórn: { Formaður Grímur S. Norddahl.
ritari Njáll Guðmundsson
féhirðir Jón Guðmundsson

XII. Kosnir endurskoðendur: Ólafur Ág. Ólafsson
Stefán Magnússon

XIII. Kosnir fulltrúar á sambandsþing U.M.F.Í. 1943

Aðalmenn: { Páll S. Pálsson, Gestur Andrésson
Oddur Þórðarson
Ólafur Þórðarson
Stefán Magnússon

Varamenn: { Grímur S. Norðdahl
Ólafur Þ. Ólafsson
Eggert. Guðjónsson

Þá kom fram raddir um að fresta lestri þinggerðarinnar þar til á samfundinum og þingritaranum falið að ganga frá henni og var það samþykkt í einu hljóði.
Að síðustu var sungið: Vormenn Íslands o.s.fr.
Þinginu slitið af Grími S. Norðdahl kl 9,45 síðdegis.

Gísli Andrésson
(ritari)



# Þingskjal I.

## Dagskrá U.M.S.K. 13.des. 1942.

1. Þingið sett, af Ólafi Þorsteinssyni.
2. ~~Kosin Kjörbréfanefnd,~~ ~~forseti~~ og ritari og varamenn.
3. Álit Kjörbréfanefndar.
4. Skýrsla stjórnarinnar.
5. Bréf U.M.F.Í. Gísli Andrésson.
6. Nefndakosning: Íþróttanefnd, félagsmála-nefnd og allsherjarnefnd.
7. Önnur mál.
8. Nefndaálit.
9. Stjórnar kosning.
10. Kosnir endurskoðendur
11. Kosnir fulltrúar á þing U.M.F.Í. 43.
12. Þinggerðin lesin.
13. Þingslit.

## Þingskjal II.

Þar sem þingið telur óheppilegt að kenna aðra stafsetningu í barnaskólum heldur en æðri skólum eins og t.d. um notkun Z, skorar þingið á fræðslumálastjórn að vinna að því, að á hverjum tíma verði ekki viðurkennd nema ein stafsetning í opinberum skólum. Enda verði móðurmálskennsla í barnaskólum mjög aukin frá því sem nú er, og blöðum og útgáfufyrirtækjum fyrirskipuð lögboðin stafsetning. Allherjarn. Feld.

## Þingskjal III.

Nefndin leggur til, að þingið feli sambandsstjórn að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að sameina öll ungmennafélög á héraðssvæði U.M.S.K.

Ennfremur að vinna að stofnun nýrra félaga, ef mögulegt reynist. Allsherjarnefnd

Samþ.



## Þingskjal IV.

20. þing U.M.S.K. samþykkir að fela sambandsstjórn að gangast fyrir a.m.k. einni sameiginlegri skemmtiferð á sumri. Að haustinu verði svo einn samfundur félaganna, sem haldinn sé til skiptis hjá ~~félögunum~~ þeim. Allherjarnefnd. Samþ.

## Þingskjal V.

Héraðsþing U.M.S.K 1942, álítur að beina eftirfarandi tilmælum til alþingis og ríkisstjórnar, viðvíkjandi viðreisnarstarfi að loknum núverandi ófriði:

1. Að byrja nú þegar að leggja mjög ríflegar fjárhæðir til hliðar í ófriði, til viðreisnar og atvinnubótastarfs.
2. Að gera nú þegar að undirbúa stofnun nýbýlahverfa og aðrar framkvæmdir, sem gæta tekið við því fólki, sem verður að hverfa frá öðrum störfum þegar núverandi ástandi í atvinnumálum líkur.

3. Að vinna markvíst að því, að skapa til þægindi í sveitum landsins, sem mögulegt er, svo þar verði ekki síður ákjósanlegt að búa en í kaupstöðunum.
4. Þurfi að grípa til atvinnubótavinnu, þá sé henni eingöngu varið til myndunar nýrra og aukinna afkomumöguleika, t.d. við nýrækt og aukningu iðju og iðnaðar, þar sem nýjir möguleikar eru fyrir hendi. Allsherjarnefnd. samþ.

Þingskjal VI.

20. þing U.M.S.K. beinir því til fræðslumálastjórnar hvort ekki muni unnt að auka málfræðikennslu í barnaskólum og taka þá um leið upp, að fullu, sömu stafsetningu, sem kennd er í öðrum skólum.
Þessi liður. Samþ.
Ennfremur að blöðum og útgáfufyrirtækjum sé fyrirskipuð hin lögboðna stafsetning, þó ekki þannig að rithöfunda rétti sé að neinu skertur. Ólafur Þorst. Stefán Magnúss. Felt



Þingskjal VII.

Fundurinn lýsir vanþóknun sinni á því að dagblöð landsins skuli ekki öll nota lögboðna stafsetningu, þá sem kennd er í framhaldsskólum ríkisins. Gestur Andrésson. Samþ.

Þingskjal VIII.

20. þing U.M.S.K. beinir þeirri áskorun til stjórnar U.M.F.Í. að hún styðji U.M.F. Reykjavíkur og önnur æskulýðsfélög bæjarins í viðleitni þeirra til þess að hrinda í framkvæmd hugmyndinni um æskulýðshöll í Rvk., er m.a. geti orðið heimili ungmennafélagssamtakanna í landinu.
Félagsmálanefnd. Samþ.

Þingskjal IX.

20. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn sambandsins, að ~~senda~~ öðrum ~~sambandsfél~~ ungmennasamböndum út á landi umburðarbréf með áskorun um að styðja U.M.F. Reykjavíkur til byggingar æskulýðshallar í R.v.k.

með ráðum og dáð. Svo sem með áskoruninni til ríkis og bæjar. Gísli Andrésson samþ.

Þingskjal X.

20. þing U.M.S.K. skorar á Alþingi að veita U.M.F. Reykjavíkur og fleiri æskulýðsfélögum ríflegan fjárstyrk til byggingar æskulýðshallar í Reykjavík. Æskulýðsheimilis, sem fullnægi öllum þeim menningarkröfum, sem gerðar eru til slíkrar byggingar, sem verður sé höfuðstaðnum og æsku landsins.

Stefán Magnússon. Samþ.

Þingskjal XI.

20. þing U.M.S.K. samþ. að greiða helming ferðakostnaðar íþróttamanna innan á væntanlegu allsherjarmóti U.M.F.Í. á vori komanda gegn því að félögin greiði hinn helminginn. Félagsmálanefnd. samþ.

Þingskjal XII.

20. þing U.M.S.K. ákveður að sambandið taki þátt í allsherjarmóti U.M.F.Í 1943, og hvetur



sambandsfélögin, til þess að starfa að æfingum íþróttamanna svo sem tök eru á. Jafnframt er sambandsstjórn falið að undirbúa þátttökuna í samráði við félögin og ákveða val íþróttamanna í hverja grein íþrótta, og getur sambandsstjórn falið félögunum að halda sameiginlegt íþróttamót til úrvals íþróttamanna fyrir þessa keppni ef þurfa þykir.

Íþróttanefnd Samþ.

Þingskjal XIII.

20. þing U.M.S.K. skorar á Í.S.Í. að héraðssambönd ungmennafélaga njóti fullra réttinda innan Í.S.Í. er snertir þátttöku í opinberum mótum, og samböndin ein greiði skatt til Í.S.Í. en ekki hvert einstakt félag innan sambandanna.

Íþróttanefnd. Samþ.

## Þingskjal XIV.

20. þing U.M.S.K. beinir því til sambandsstjórnar U.M.F.Í. að hún vinni svo sem unnt er að viðgangi íslenzku glímunnar innan ungmennafélaganna, og beiti áhrifum sínum til þess, að glímunni verði skipaður jafnvirðulegur sess og öðrum íþróttum á allsherjarmóti Í.S.Í.

Íþróttanefnd. Samþ.

## Þingskjal XV.

Héraðsþing U.M.S.K. 13 des 1942 vill vekja athygli hins háa alþingis á því, að það er hættulegt að meiða réttarmeðvitund þjóðarinnar með lagasetningum sem eru ósamrýmanlegar íslenzkum drengskap.

Samb. 108 og 237 gr. hegningarlaganna frá 12 febr. 1940

Grímur S. Norðdahl. ~~Þetta~~ ~~Vísað frá með breytingu til laga.~~

Vísað til stjórnar.

## Þingskjal XVI.

Fundurinn samþykkir að fela stjórn sambandsins, að athuga málavöxtu þessa vandlega, og verði niðurstöður lagðar fyrir næsta þing U.M.S.K. til umræðu.

Kristín Friðriksdóttir. Samþ.

## Þinggerð 21. þings U.M.S.K. 

21. þing ungmennasambands Kjalarnesþings var sett að Klébergi sunnudaginn 12. des. 1943. kl. 11. f.h. af forseta sambandsins Páli S. Pálssyni.

Þetta gerðist:

1. Kosin kjörbréfanefnd. Kosningu hlutu: Njáll Guðmundsson, Stefán Ó. Magnússon og Tómas Þorvaldsson.
2. Álit kjörbréfanefndar. Stefán Magnússon var framsögumaður nefndarinnar. Höfðu borist kjörbréf fyrir eftirtalda fulltrúa og þau samþ. einróma:

Frá U.M.F. Aftureldingu:
Grímur Norðdahl, Jóel Jóelsson og Jóhann Guðmundsson.
Frá U.M.F.K.:
Tómas. Þorvaldsson og Ólafur Bjarnason.